
Jónas Guðmundsson
MYNDLIST

Heimur augans, myndverk í 33 ár

Bragi Ásgeirsson, listmálari.



Bragi Ásgeirsson, listmálari, er tæplega fimmtugur að aldri, fæddur 28. maí árið 1931 í Reykjavík og þar hefur hann búið og starfað flesta daga, ef frá eru skilin námsárin ytra og ýmsar námsferðir til fjarlægra landa.

Bragi hóf myndlistarnám á unglingsvetri árið 1947, við þann skóla er nú ber nafnið Myndlista og handíðaskóli Íslands, en hét þá Handíða og myndlistarskólinn, en þann skóla stofnaði sá merki hugsjónamaður Lúðvíg Guðmundsson árið 1939 með tvær hendur tómar, en nóg af eldmóði er var nánast eina auðlind Íslendinga þá, og stóð vel undir flestum hlutum.

Lúðvíg Guðmundsson mótaði þennan skóla sinn og gjörði að virkri stofnun, er hafði á að skiða úrvalskennurum, og hefur enn. Lúðvíg mun hafa stýrt skólanum til ársins 1961, en hann lét af störfum vegna heilsubrests, og nú er hann látinn fyrir allmörgum árum, en skólinn lifir og starfið er fjörugt.

Bragi Ásgeirsson


Bragi Ásgeirsson stundaði þarna nám á árunum 1947-1950, Listaháskólanum í Kaupmannahöfn 1950-'52 og '55-'56 (Grafík). Listaháskólanum í Osló 1952-'53, Listaháskólanum í München 1958-'60. Dvöl í Róm og Flórenz 1953-'54. Námsferðir um flest lönd V-Evrópu svo og Ameríku og Kanada. Hélt fyrstu einkasýningu sína í Listamannaskálanum við Kirkjustræti vorið 1955, sýndi þar einnig 1960 og 1966. Hefur haldið fimm einkasýningar í Norræna húsinu og fjölda minni sýninga í Reykjavík ásamt nokkrum úti á landi. Hefur hlotið dvalar- og námsstyrk frá öllum Norðurlöndunum m.a. Edvard Munch-styrkinn 1977. Styrkþegi Sambandslýðveldisins V-Þýskalands 1958-'60. Starfsstyrkur íslenska ríkisins 1978-'79. Hélt einkasýningu í K.höfn 1956. Hefur tekið þátt í samsýningum um öll Norðurlönd, Charcow, Buenos Aires, New York, Minnesota, Moskva og Rostock (2-6 og 8 Biennalinn), — 10 borgum í V-Þýskalandi, 10 fylkjum í Bandaríkjunum. Á myndir í Listasafni Íslands, Listasafni A.S.Í., Listasafni Kópavogs, Borgarness, Selfoss og Siglufjarðar, Colby College Maine og Norður-þýska listasafninu Rostock og víða í einkasöfnum. — Listrýnir Morgunblaðsins frá 1966 og höfundur fjölda greina um listir í íslensk og erlend tímarit. Hefur kennt grafík við Myndlista og handíðaskólann frá 1956, auk annarra námsgreina,

Eins og sést af framansögðu, er þetta drjúgur námsferill og þá ekki síður þegar haft er í huga að þarna er sérstakur eljumaður á ferðinni, maður sem vinnur sína vinnu undir stöðugum þrýstingi og af miklu kappi. Og nú, eftir 33 ára starfsferil í myndlistinni, heldur hann yfirlitssýningu á Kjarvalsstöðum, þar sem hann sýnir 366 myndir, ef rétt er talið, og eru myndirnar frá öllum þessum tíma, þær elstu frá Handíðaskólaárunum, þegar Jón Engilberts gekk þar um stofur í flott frakka og hélt töfrum listarinnar gangandi í skammdegisrökkrinu. Þær nýjustu eru varla þornaðar ennþá.

Sýninguna tileinkar Bragi föður sínum Ásgeiri Ásgeirssyni skrifstofustjóra frá Fróða, sem kenndi honum að láta ekki undan á erfiðum tímum.

Ásgeir frá Fróðá var þekktur á sinni tíð. Hann var fæddur 1897 og lést í Reykjavík fyrir tveim árum eða svo, þá um áttrætt.

Það er stundum dálítið stássslegt að tileinka einhverjum öðrum sérstaklega listaverk, t.d. bækur og málverkasýningar, en þeir sem kunna skil á málum, vita að þarna er ekki tilgerð á ferðinni, þeir feðgar voru samrýmdir alla tíð og hugsuðu stórt.



Eitt af nýrri verkunum.

Heimur hugans

Bragi Ásgeirsson nefnir sýningu sína: **Heimur hugans.**

Það virðist liggja á borðinu að myndlistarverk, eða sjónræn verk, eru fyrir augað, auk annars, en í þessari yfirlýsingu er líka að finna visst grundvallaratriði í listsköpun Braga Ásgeirssonar og viðhorfum hans til muna og umhverfis.

Hann kýs sjálfur að vitna þar til skilgreiningar Rainer Maria Rilke, sem segir á einum stað:

„Á meðan fólkið (á oktoberhátíðinni í München) gekk um, hló, glettist og reyndi að ná til hvers annars og kitla með löngum páfuglsfjöðrum, gekk ég um aleinn með mína fjöður, sem var alltof stolt til að kitla nokkurn. Og því lengur sem ég ráfaði um með fjöðrina, því meir beindist athygli mín að spengileik forms hennar, hvernig hún vó á hinum sveigjanlega stöngli og hinu fagra höfði hennar með „páfuglsaugað", sem myrkt og dularfullt ryndi á mig. Þú getur hugsað þér, hvað páfuglsfjöður þýðir fyrir málara, sem hefur allt aðra afstöðu til litanna en við, hve mikið hann getur lært af henni og hve mikla gleði samræmið í fjölbreytileik sínum og mergð litatóna, sem eru samankomnir á jafn litlum fleti, getur veitt honum. En veizt þú, hvað mér var hér aðalatriði? Það, að ég sá enn einu sinni, að flest fólk heldur á hlutunum í höndum sér til að fremja einhverja vitleysu í stað þess að athuga hvern hlut og í stað þess að spyrja um þá fegurð, sem honum heyrir til. Og því er það, að flest fólk veit alls ekki, hve fagur heimurinn er og hvílík dýrð opinberast í hinum minnstu hlutum, í sérhverju blómi, steinvölu, trjáberki eða birkilaufi..... Og þó væri það hið fegursta, ef fólk allt glataði ekki hæfileikanum til að gleðjast jafn innilega yfir birkilaufi eða fjöður páfugla eða svifi krákunnar og af hrikalegu fjalli eða dýrðarlegri höll. Hið smáa er jafnlítið smátt og hið stóra er stórt. Það gengur mikil og eilíf fegurð í gegnum veröld alla og henni er réttlátlega dreift yfir stóra og smáa hluti". Undir þetta getum við tekið, og auðvelt er að heimfæra það upp á mann, sem leitar uppi sprek á fjörum, smámuni og reynir að skilja þá og skilgreina og færa í auðskildan búning.

Gildi yfirlitssýningar

Gildi yfirlitssýninga er margþætt. Þær geta sýnt áhorfendum lífsstarf, og gera það oftast, en þær hafa líka umtalsvert gildi fyrir málarana sjálfa. Leiðarreikningur eftir minni er ónákvæmur og þar er nauðsynlegt að rekja ferilinn til baka af fullri nákvæmni.

Fyrir okkur, sem fylgst höfum með Braga Ásgeirssyni alla tíð, er þetta talsvert spennandi sýning, og það kemur í ljós að markviss þróun hefur átt sér stað, er rekja má frá kennslumálaráðuneyti Jóns Engilberts í Handíðaskólanum til hinnar síðustu göngu um fjörur Kollafjarðar, og nú hefur málarinn tilkynnt að ný saga sé í þann veginn að hefjast, tími upphleyptra collagemynda mun héðan í frá tilheyra liðinni tíð.


Yfirlitssýning Braga Ásgeirssonar er í báðum stóru sölunum á Kjarvalsstöðum og einnig á göngum hússins, en þar er lýsingin jafnvel enn verri en í sölunum sjálfum. Og dálítið er rætt um að sýningin sé í raun og veru of stór. Sama markmiði hefði mátt ná með hnitmiðuðu úrtaki. Það kann rétt að vera, en þá vaknar sú spurning: Hver á að skammta þessa kúnst?

Að þora að hugsa stórt

Í viðtali í Morgunblaðinu 18. október síðastliðinn segir Bragi Ásgeirsson, orðrétt:

„Ég er búinn að sprengja þetta allt, kem ekki öllu fyrir", sagði Bragi, „og því verð ég að geyma um 100 myndir sem eru hér inni í húsinu. Reyndar eru margar þeirra það litlar að það er betur við hæfi að sýna þær í umhverfi sem er minna í sniðum.

Ég bjóst við að þetta yrði of lítið, en reiknaði dæmið skakkt. Með þessari sýningu er ég að horfast í augu við fortíðina og á fortíðinni byggir maður framtíðina. Ég vona að ég eigi eftir að mála af fullum krafti í þrjátíu og þrjú ár í viðbót, þetta eru engin endamörk hjá mér, miklu fremur miðbaugur, og ég hlakka til þess að halda áfram, enda fullur af starfskrafti og nýjum hugmyndum. Kvíði engu og iðrast einskis. Mönnum finnst þetta stór sýning, en mér finnst mikilvægt að þora að hugsa stórt í litlu landi".



Gömul mynd.

Í endanlegan dóm

Maður þarf ekki að ganga lengi um Kjarvalsstaði og lesa myndir og ártöl, til þess að sjá að þarna er á ferðinni maður sem hlotið hefur mikla náðargáfu. Maður, sem eins og Rilke orðar það, hefur horft í páfuglsaugað og spurt um fegurð í stað þess að fremja einhverja vitleysu. Og okkur er ljóst að ekki er beðið um endanlegan dóm, heldur er það hið listræna samhengi, eða saga, sem þarna er verið að draga fram og skoða.

Í sýningunni er því fögnuður, fögnuður mynda, sem hittast á ný og sorg yfir því að hittast kannski aldrei framar.

Eitt er þó fullljóst, að Bragi Ásgeirsson er kominn í fremstu röð íslenskra myndlistarmanna

Hann er afreksmaður og í fleira en einu tilliti, og augað, birtan er hans heimur, hans veröld.


Aðeins 9 ára að aldri missir hann alla heyrn úr hræðilegum sjúkdómi er þá herjaði á börn. Sum börn misstu sjón líka.

Hann þurfti að læra að tala á nýjan hátt, heyrir ekki orð sín sjálfur, hvað þá hvað aðrir segja. En hann lærði varalestur og getur talað við hvurn mann, nema ef ljósið er slökkt. Hann lærir kjarnmikið mál, verður einn pennafærasti listmálari þessa lands. Hann nemur erlendar tungur, talar þær og skilur. Og maður spyr sig. Undir hvaða þrýstingi var þessi maður á unglingsvetri, þegar hann tekur sér pensil og blýant í hönd og byrjar að tjá sig í ljósinu?

Það sjáum við þarna. Engin tilgerð, aðeins blóðrík þörf til tjáningar. Við greinum að vísu áhrif kennarans í gula frakkanum í stöku mynd. Það er eðlilegt, en eldmóðurinn og unaðurinn í þessum myndum er frá honum sjálfum komið, gerjaður í þeirri vitund, sem á allt sitt undir ljósi.

Þetta eru myndir eftir afreksmann.

Jónas Guðmundsson.



Sýningargestur virðir fyrir sér nýlegar myndir. (Tímamynd Róbert)